

# Áttundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 12. júlí 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta við tveimur liðum við dagskrá fundarins og yrðu þau mál tvö síðastu mál á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

## 1. Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps.

Krafist hefur verið hluthafafundar af hluthöfum, sem að ráða saman yfir meira en 1/20 hlutfjár í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

Krafa er um að fundarefni verði eftirfarandi:

1. Tillaga um að umboð núverandi stjórnar félagsins verði afturkallað og ný stjórn kosin.

2. Kosning nýrrar stjórnar.

3. Tillaga um að hluthafafundur samþykki að HEM geri samningi við Hitaveitu Eiðhúsa ehf., kt. 650913-0430 með því meginefni að Hitaveitu Eiðhúsa ehf. verði heimild til nýtingar á heitu vatni í landi Eiðhúsa með því skilyrði að ef vatnsrennsli minnki í borholu HEM þá, þá verði félaginu bætt upp það vatnsmagn án kostnaðar, þannig að HEM haldi vatnsmagni a.m.k. 5,3 lítra pr. sekúndu, allt með skilyrðum um nauðsynleg leyfi. Samkomulagið verði á grunni samkomulags Miðhrauns ehf., sem Hitaveita Eiðhúsa ehf. leiðir rétt sinn frá, og Eyja- og Miklaholtshrepps, sem er á fylgiskjali. Stjórn er falin samningsgerði við Hitaveitu Eiðhúsa ehf. á framangreindum grunni.

4. Tillaga um að lögbannsbeiðni HEM, sem lögð hefur verið fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, verði afturköllum þegar í stað.

5. Tillaga um stjórn HEM verði falið að undirbúa tillögur um endurskipulagningu á rekstri HEM á þann veg að viðskiptamenn hennar, þ.e. notendur, greiði fyrir heitt vatn í samræmi við notkun en ekki á grundvelli hlutfjáreignar í HEM. Í tengslum við þessa vinnu verði utanaðkomandi lögmanni falið að leggja mat á gildi, túlkun og þýðingu fyrirbyggjandi samningi og gagna. Tillögur verði lagðar fram á aðalfundi félagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við þessar tillögur.

Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að í endurskipulagninu á rekstri HEM verði gengið frá skuldaviðurkenningu á skuld HEM við Eyja- og Miklaholtshrepp.

Oddvita falið að sitja áfram í stjórn HEM fyrir hönd sveitarfélagsins og fara með atkvæði sveitarfélagsins.

## 2. Ágangsfé í sveitarfélaginu.

Umræður um ágangsfé. Samþykkt að vísa málinu til Fjallskilaneftndar sveitarfélagsins til umfjöllunar og álits.

Rætt um að Vegagerðin hefur ekki sinnt viðhaldi á veggirðingum hér í sveit. Oddvita falið að ræða við Vegagerðina um girðingarmál.

## 3. Skólavist grunnskólabarna í öðrum sveitarfélögum.

Samþykkt að útbúa reglur um skólavist grunnskólabarna í öðrum sveitarfélögum en því sem að sveitarfélagið hefur þegar gert þjónustusamning við. Oddvita falið að vinna áfram með þau drög sem að oddviti lagði fram.

## 4. Akstursstyrkir vegna tómsunda barna og unglunga.

Samþykkt að útbúa reglur um akstursstyrki vegna tómsunda barna og unglunga. Oddvita falið að vinna áfram með þau drög sem að oddviti lagði fram.

## 5. Akstursstyrkir vegna leikskólabarna.

Samþykkt að útbúa reglur um akstursstyrki vegna leikskólabarna. Oddvita falið að vinna áfram með þau drög sem að oddviti lagði fram.

## 6. Skipulagsfulltrúi.

Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi hefur sagt upp störfum.

## 7. Sumarleyfi sveitarstjórnar.

Oddviti leggur til að skrifstofa sveitarstjórnar verði lokað 24. júlí 2023 til 8. ágúst 2023 vegna sumarleyfis.

Tillagan samþykkt og oddvita falið að auglýsa lokunina.

8. Erindi frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi, dagsett 5. júlí 2023.

Í erindinu óskar Sveitarfélagið Stykkishólmur eftir því að Eyja- og Miklaholtshreppur tilnefni sinn fulltrúa í Skóla- og fræðslunefnd Stykkishólms, sem að hefur rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Meðfylgjandi var nýtt erindisbréf Skóla- og fræðslunefndar Stykkishólms og er það lagt fyrir fundinn til kynningar.

Sveitarstjórn tilnefnir Veroniku G. Sigurvinsdóttur sem aðalmann og Herdís Þórðardóttir sem varamann.

9. Erindi frá Atla Sveini Svanssyni og Guðnýju Lindu Gísladóttur, dagsett 11. júní 2023.

Í erindinu er farið fram á það að sveitarfélagið greiði fyrir skólavist barna þeirra í Borgarbyggð og forsendur þeirrar beiðni rökstuddar í erindinu.

Í ljósi forsögu óskar Pröstur Aðalbjarnarson eftir því að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Í 3. lið þessarar fundargerðar var ákveðið að útbúa reglur er varða skólavist barna í öðrum sveitarfélögum en því sem að sveitarfélagið hefur þegar gert þjónustusamning við um skólamál. Í ljósi þess eru forsendur fyrir því að hægt sé að samþykkja erindið en útfærsla reglanna er ekki endanleg og því ekki hægt að svara erindinu formlega strax. Oddvita falið að upplýsa viðkomandi um stöðu mála.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Sigurbjörg Ottesen – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Pröstur Aðalbjarnarson – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir - sign